



Námsáætlun

FJÖL2aj05 - vorönn 2021

Kennari: Gunnar Hólmsteinn Ársælsson

Markmið:

Í þessum áfanga er farið yfir grunnþætti auglýsingasálfræði og sögu auglýsinga. Jafnframt er stiklað á stóru í sögu jafnréttis eins og hún birtist í fjölmiðlum og víðar. Fjallað verður um áróður af ýmsu tagi, opinn jafnt sem dulinn, svo og sérstakar herferðir eins og hinn jákvæði áróður er oft nefndur. Fjallað verður um fréttáflutning, greinaskrif, auglýsingar og annað fjölmiðlaefni á gagnrýninn hátt. Kynjafræði verður kennd og lögð áhersla á staðalmyndir kvenleika og karlmennsku, kynjaðar neysluvenjur, kynbundið ofbeldi og klám og áhrif þess á kynheilbrigði. Þá verða hinseginfræði (e. Queer theory) kynnt.

Þekkingarviðmið

Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- undirstöðum fjölmiðlafræðinnar, sérstaklega þeim áhrifum sem auglýsingar hafa, beinar jafnt sem óbeinar.
- þeim klækjum sem fræðin beita til þess að hafa áhrif á hegðun og skoðanir mismunandi markhópa.
- helstu áhrifaþáttum myndmáls og sérhannaðs hvatningartexta.
- mismunandi mótun kynjanna út frá menningu, umhverfi og tíma.
- réttindum er varða jafnréttismál í sögulegu ljósi.

Leikniviðmið

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- greina helstu auglýsingabrellur/klæki.
- koma auga á óbeinar auglýsingar sem laumað er inn í fréttir og fjölmiðlaumfjöllun og geta greint áhrif almennatengla á umfjöllun sem hafa skoðanamótandi tilgang.
- greina kynjamyndir og kynjaslagsíðu í umfjöllun fjölmiðla.
- geta sett fram helstu niðurstöður á skiljanlegan og markvissan hátt.

Hæfniviðmið

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- vinna úr einstökum dæmum og leggja sjálfstætt mat á þau.
- sýna sjálfstæði, t.d. hafa frumkvæði að verkefnum og viðfangsefnum.
- álykta um gæði og galla þeirra heimilda sem unnið er með.
- leggja siðferðilegt mat á þau áhrif sem dulinn boðskapur fjölmiðla felur í sér.
- geta tekið þátt í rökræðum um stöðu kynjanna og hinsegin fólks.
- geta sett fram þekkingu á aðgengilegan hátt í ræðu og riti.



Kennslugögn: Efni frá kennara, sem hann kynnir, úr ýmsum áttum.

Vika (fjöldi kennsludaga)	Yfirferð	Próf /Verkefni	
01. 24.-26. jan. (3 kennsludagar)	Uppruni og saga fjölmiðla og auglýsinga	Símat alla önnina!	
02. 1.-5. mars (5 kd)	Hvað er auglýsing? Íslenskur auglýsingmarkaður; einkenni og umfang		
03. 08-12. mars (5 kd)	Hvað er auglýsing? Íslenskur auglýsingmarkaður; einkenni og umfang		Úrsagnareindagi 9. mars.
04. 15.-19 mars (4 kd)	Hugur og áróður	Rafrænt próf (getur færst til)	Námsmatsdagur 19. mars
05. 22.-26. mars (5 kd)	Hugur og áróður		Miðannarmat
29. mars-6. apríl	PÁSKAEGG OG ALLES!		Páskafrí
06. 07.-09.apríl (3 kd)	Ritgerðarvinna hefst		Miðannarmat
07. 12.-16. apríl (5 kd)	Ritgerðarsmið		
08. 19.-23. apríl (4 kd)	Jafnrétti, kynjafræði, kynjaðar neysluvenjur, ofbeldi, klám, hinsegin og allskonarfræði.		Sumardagurinn fyrsti 22. apríl
09. 26.-30. apríl (4 kd)	Jafnrétti, kynjafræði, kynjaðar neysluvenjur, ofbeldi, klám, hinsegin og allskonarfræði.		Námsmatsdagur 28.apríl
10. 03-07. maí (5 kd)	Jafnrétti, kynjafræði, kynjaðar neysluvenjur, ofbeldi, klám, hinsegin og allskonarfræði.		
11. 10.-14. maí (4 Kd)	Jafnrétti, kynjafræði, kynjaðar neysluvenjur, ofbeldi, klám, hinsegin og allskonarfræði.		Uppstigningardagur13. maí
12. 17.-18. maí (2 kd)	Jafnrétti, kynjafræði, kynjaðar neysluvenjur, ofbeldi, klám, hinsegin og allskonarfræði.		

Próf eru 19. og 20 maí. Sjúkrapróf 21. maí.



Námsmat:

Áfanginn er símatsáfangi, en hann byggir að miklu leyti á leitar og rannsóknarnámi nemendanna sjálfra.

Þess vegna er mjög mikilvægt fyrir nemendur að iðka **öguð og sjálfstæð** vinnubrögð.

Um ritgerð: Unnin verður ritgerð (kynnt síðar) um efni sem tengist áfanganum og umfjöllunarefnum hans. Kynnt betur í upphafi námskeiðsins

MJÖG MIKILVÆGT ER => ÁHUGI NEMENDA OG VIRKNI!

Vægi einstakra þátta sem mynda lokeinkunn:

Verkefni = 74%

Ritgerð = 12%

Rafrænt próf = 10% (auglýsingahluti)

Smiðja/ástundum = 4%

Smiðja: Mælt er með því að nemandi mæti að minnsta kosti 4x í smiðju yfir önnina.

Nemendur þurfa að lágmarki 5,0 í heildareinkunn til að standast áfangann.

LESIÐ ÞETTA VEL: Vinna í 5 eininga áfanga á að vera 90 til 120 klst. á önn. Þar af eru 36 til 56 klukkustundir fyrir utan skólastofuna (viðmið frá Menntamálaráðuneyti).

Námsáætlun er birt með fyrirvara um einhverjar mögulegar breytingar, t.d. vegna atburða í samfélaginu.

Ekki er útilokað að um einhverjar rafræna tíma verði að ræða. Þeir verða þá auglýstir sérstaklega.



Think small.

© Volkswagen Group of America, Inc. 2008. Volkswagen is a registered trademark of Volkswagen Group of America, Inc. in the United States and other countries. Volkswagen is a registered trademark of Volkswagen Group of America, Inc. in the United States and other countries. Volkswagen is a registered trademark of Volkswagen Group of America, Inc. in the United States and other countries.